47. þing BSRB
2. - 4. október 2024

# Málefnastarfið

Eftir þingsetningu, kosningu embættismanna, kynningu á skýrslu stjórnar og fleiri praktísk atriði hefst málefnastarf í málefnanefndum. Á þinginu verður gefinn góður tími til málefnastarfsins þar sem þingfulltrúar móta stefnu BSRB til næstu ára. Unnið verður í fjórum málefnanefndum um kjaramál, velferðarmál, jafnrétti og jöfnuð og framtíðar-vinnumarkaðinn. Þar fyrir utan verða fyrirlestrar í aðalsal þingsins um efnahagsmál, endurmat á virði kvennastarfa og húsnæðismál.

### 1. Málefnahópur um kjaramál (Starfskjaranefnd)
Fjallar um efnahags- og skattamál, endurmat á störfum kvenna, styttingu vinnuvikunnar, lífeyrismál og almennatryggingar

### 2. Málefnahópur um velferðarmál (Allsherjarnefnd)
Fjallar um heilbrigðismál, húsnæðismál, almannaþjónusta, starfsumhverfi starfsfólks í almannaþjónustu

### 3. Málefnahópur um jafnrétti og jöfnuð
Fjallar um fjölskylduvænna samfélag, kynbundna og kynferðislega áreitni og ofbeldi á vinnustöðum og fólk af erlendum uppruna og fjölbreytileika á vinnumarkaði

### 4. Málefnahópur um framtíðarvinnumarkaðinn
Fjallar um menntamál, umhverfis- og loftslagsmál og atvinnumál

GRETTISGÖTU 89 | 105 REYKJAVÍK | SÍMI: 525 8300 | BSRB@BSRB.IS | BSRB.IS